

**Kennari:**  
Jóna Helena Bjarnadóttir  
Sigríður Heiða Sigurðardóttir

**Kennslufyrirkomulag:**  
Verkleg kennsla inn í bekk

**Tímafjöldi:**  
6 kennslustundir

**Bekkur:**  
3. og 4. bekkur

### Leikja og spilasmiðja

Megintilgangur leikja og spila smiðju er að nemendur kynnist ýmsum spilum og geti tekið þátt í leikjum inn í bekk. Að nemendur taki virkan þátt í leikjum og spilum og læri nýja leiki og spil. Áhersla er lögð á að nemendur læri að meðhöndla spil, þau geta unnið í smáum og stærri hópum og að þau geti fylgt einföldum fyrirmælum og leikreglum.

### Leikja og spilasmiðja

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Ipad Tæknisjónvarp Spilastokkur Borðspil	Svarti Pétur Olsen Olsen Þjófur Veiðimaður Kahoot Samstæðuspil Púsl Tvenna Yatzi Uno Ýmis borðspil	<ul style="list-style-type: none"><li>- Sýnt góða meðhöndlun á spilum</li><li>- Unnið í smærri og stærri hópum</li><li>- Fylgt fyrirmælum</li><li>- Farið eftir leikreglum</li><li>- Tekið virkan þátt í leikjum</li><li>- Tekið virkan þátt í spilum</li></ul>	Hópavinna Einstaklingsvinna Sýnikennsla Leiðsögn
<b>Námsmat:</b>	Námsframvinda og hæfni nemenda metin í lok hvers smiðjuhóps.		

## Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága